

Minnisblað Láru V. Júlíusdóttur hrl. vegna fyrirspurnar sr. Evu Bjarkar Valdimarsdóttur vegna tillögu á kirkjuþingi um breytingar á leigugjaldi presta

Í tölvupósti sr. Evu Bjarkar Valdimarsdóttur 15. nóvember 2022 óskar hún eftir álitni á tillögu á starfsreglum um fasteignir þjóðkirkjunnar sem nú er til umfjöllunar á kirkjuþingi, 8. mál þingsins 2022-2023. Sérstaklega að tillagan verði skoðuð í ljósi gildandi kjarasamnings presta, sem gerður var í tengslum við ný lög um þjóðkirkjuna 2021.

Ég hef haft til skoðunar þau gögn sem lögð hafa verið fram á kirkjuþingi auk kjarasamnings presta. Auk þess hef ég stuðst við húsaleigulög nr. 36/1994.

Umrædd tillaga lýtur m.a. að því að leigugjald vegna allra fasteigna þjóðkirkjunnar, þ.m.t. prestssetra miðist við markaðsleigu á þeim stað eða á því landsvæði þar sem fasteign þjóðkirkjunnar er staðsett og leigugjald taki breytingum í samræmi við þær breytingar sem verða mánaðarlega á vísitölu neysluverðs. Kostnaður vegna innheimtu leigugjalds greiðist af leigutaka.

Ekkert fjallað um húsnæði presta í kjarasamningi

Í kjarasamningi Prestafélags Íslands og Kjaranefndar fyrir hönd þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu frá 1. júní 2021 er ekkert fjallað um leigukjör presta. Um þetta hafa gilt starfsreglur um prestssetur sem settar voru 2009 og síðar starfsreglur um fjármál þjóðkirkjunnar sem öðluðust gildi 1. janúar 2022, svo sem lýst er í greinargerð með tillögunni. Þær reglur eru ekki beint tengdar launakjörum presta með neinum hætti, enda ekki nema hluti stéttarinnar sem á kost á því að búa í húsnæði í eigu þjóðkirkjunnar.

Húsaleigulög gilda um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning

Líta verður svo á að leigusamningar presta á íbúðarhúsnæði í eigu þjóðkirkjunnar, þ.e. prestssetrum, sé hluti af vinnusamningi eða a.m.k. viðauki við slíkan samning. Af því leiðir að um slíka samninga gilda húsaleigulög nr. 36/1994. Það þýðir að virða beri ákvæði laganna m.a. um form leigusamnings, uppsögn á húsnæði og leigugjald.

Slíkir samningar þurfa að vera skriflegir og innihalda tiltekna lágmarksupplýsingar skv. 6. gr. laganna, nöfn aðila, lýsingu á hinu leigða, hvort samningur er tímabundinn eða ótímabundinn og fjárhæð húsaleigu.

Uppsögn ótímabundins leigusamnings er heimil báðum aðilum skv. 55. gr. Uppsagnarfrestur slíks samnings er mislangur. Í 3. tl. 1. mgr. 56. gr. húsaleigulaga segir að hafi leigjandi haft íbúðarhúsnæði á leigu lengur en tólf mánuði skuli uppsagnarfrestur af hálfu leigusala vera tólf mánuðir **sé um að ræða lögaðila sem í atvinnuskyni leigir út viðkomandi íbúðarhúsnæði**. Hér kemur til skoðunar hvort þjóðkirkjan-Biskupsstofa teljist vera lögaðili sem í atvinnuskyni leigir út viðkomandi íbúðarhúsnæði. Ekki er að finna leiðbeiningu um slíkt í frumvarpinu með lögunum, en þar segir þó að sveitarfélög séu dæmi um lögaðila sem falli undir þetta ákvæði. Þjóðkirkjan er lögaðili, en hvort hún leigir út viðkomandi

Íbúðarhúsnæði í atvinnuskyni kann að vera umdeilanlegt. Komist aðilar að þeirri niðurstöðu að svo sé þá verður slíku húsnæði ekki sagt upp nema með 12 mánaða uppsagnarfresti. Þar sem uppsagnarfrestur presta er 6 mánuðir kann að koma til þess að prestur geti búið áfram í prestsbústað í hálf t. ár eftir að ráðningarsamningi hans er slitið.

Ef hins vegar er litið svo á að Þjóðkirkjan falli ekki undir þetta ákvæði þá er uppsagnarfrestur á húsnæðinu 6 mánuðir, sem er jafnlangur tími og uppsagnarfrestur skv. kjarasamningi.

Kjaranefnd fjallar um kjör fyrir hönd Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu

Verði tillaga þessi samþykkt mun hún vafalaust leiða til hækkunar á húsaleigu þeirra presta sem búa í prestsbústöðum. Það þýðir jafnframt rýrnun á kjörum þeirra presta sem í hlut eiga. Þótt ekkert sé minnst á leigugjald presta í kjarasamningi má leiða líkum að því að slík ákvörðun sem markaðsleiga prestsbústaða er sé í verkahring kjaranefndar Þjóðkirkjunnar- Biskupsstofu. Þetta tvennt verður vart aðskilið og nauðsynlegt að fjalla um það í samhengi. Koma hér til þættir eins og hvati fyrir presta að búa meðal sóknarbarna sinna og viðleitni kirkjunnar að stuðla að því að sóknarbörn fái notið þjónustu presta í sinni heimabyggt. Um þetta fjalla nokkrar þeirra umsagna sem borist hafa vegna tillögunnar.

Ekki skoðun á gildandi húsaleigusamningum presta

Ég gerði ráðstafanir til að nálgast upplýsingar um gildandi húsaleigusamninga hjá prestum og hvernig þeir væru í samningstexta tengdir ráðningarsamningi, en hef ekki enn fengið svör við þeim tilraunum mínum.

Eins og að framan er talið er hér engan veginn um tæmandi úttekt að ræða heldur minnisblað sett saman þar sem vakin er athygli á nokkrum þeim atriðum sem ég tel hér skipta máli. Framangreinda punkta verður því að skoða með þeim fyrirvara.

Reykjavík, 21. nóvember 2022